

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

AUKAFUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2018-2022

Árið 2020, föstudaginn 27. nóvember 2020 kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru:

Samúel Kristjánsson oddviti og Elsa G. Borgarsdóttir. Steinn Ingi Kjartansson, Jóhanna Kristjánsdóttir og Ragnheiður Baldursdóttir í fjarfundi.

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn, að gættri fundarboðun.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Frá nefndasviði alþingis – umsagnarmál.
3. Fundargerðir nefnda og félaga.
4. Lögfræðiálit vegna kalkpörungaverkefnis.
5. Súðavíkurhreppur - starfsár 2021.
6. Sorpmál í Súðavíkurhreppi.

Afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra.  
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
2. Frá nefndasviði alþingis – umsagnarmál.  
39. mál – þingsályktunartillaga á 151. Lögjafarþingi 2020-2021, þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð Reykjavíkurflugvallar.  
Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps ályktar eftirfarandi:  
*Súðavíkurhreppur áréttar að Reykjavíkurflugvöllur var færður íslensku þjóðinni að gjöf og gegnir veigamiklu hlutverki með staðsetningu sinni sem öryggisflugvöllur fyrir allt landið. Núverandi staðsetning er veigamikil í því sambandi, ekki síst vegna nálægðar við Landspítalann háskólasjúkrahús, sem er sjúkrahús allra landsmanna.*
3. Fundargerðir nefnda og félaga.  
Fundargerðir stjórnar Hafnarsambands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, ársskýrsla Jöfnunarsjóðs 2019 o.fl. Fundarðgerðir kynntar og ræddar.
4. Lögfræðiálit vegna kalkpörungaverkefnis.  
Trausti Fannar Valsson, dósent í stjórnarsýslurétt i við HÍ vann álit að beiðni skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar og sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps. Álitið kynnt og framhald skoðað m.t.t. niðurstöðu álits.
5. Súðavíkurhreppur - starfsár 2021.  
Lokuð umræða.
6. Sorpmál í Súðavíkurhreppi.  
Sveitarstjórn samþykkir að leggja sorpgjald á lögaðila/fyrirtæki í Súðavíkurhreppi eftir þeim reglum sem um gilda. Sveitarstjóra falið að fylgj eftir, kanna hverjir greiði sorpgjald af skráðum lögaðilum og leggja grunnvinnu gjaldskrár fyrir sveitarstjórn.

Fleira ekki gert.

**Fundi slitið kl. 11:20**

**Elsa G. Borgarsdóttir**

**Jóhanna Kristjánsdóttir**

**Ragnheiður Baldursdóttir**

**Steinn Ingi Kjartansson**

**Samúel Kristjánsson oddviti**

